

REGLUGERÐ

um e-merktar forpakkningar.

1. gr.

Gildisvið.

Þessi reglugerð tekur til e-merktra forpakkninga sem innihalda vörur, sem eru ætlaðar til sölu í föstum stærðum með nafnmagni sem er:

jafnt gildum sem pökkunaraðili ákveður fyrirfram,

gefið upp í einingum fyrir þyngd eða rúmmál,

ekki minna en 5 g eða 5 ml og ekki meira en 10 kg eða 10 l.

Reglugerðin gildir ekki um framleiðsluvörur samkvæmt viðauka III sbr. 5. gr., þegar þær eru seldar í tollfrjálsum verslunum til neyslu utan EES.

2. gr.

Skilgreiningar.

Forpakkning í skilningi þessarar reglugerðar er vara ásamt umbúðunum sem hún er forpökkuð í.

Vara telst forpökkuð þegar hún er sett í hvers konar umbúðir án þess að kaupandinn sé viðstaddur og þegar magn vörunnar sem í umbúðunum er hefur fyrirfram ákvarðað gildi sem ekki er hægt að breyta án þess að opna umbúðirnar eða breyta þeim svo sjáanlegt sé.

3. gr.

e-merking.

Forpakkningar, sem eru í samræmi við þessa reglugerð og viðauka I við hana, mega hafa e-merkið, sem um getur í tl. 3.3 í viðauka I.

Þær skulu háðar mælifræðilegu eftirliti Neytendastofu samkvæmt skilyrðum 5. tl. viðauka I og skilyrðum viðauka II.

4. gr.

Magnupplýsingar.

Á öllum e-merktum forpakkningum sbr. 3. gr. skal tilgreina þyngd eða rúmmál vörunnar, svo nefnda nafnþyngd eða nafnrúmmál, sem krafist er að þær innihaldi í samræmi við viðauka I.

Á forpakkningar sem innihalda vökva skal merkt nafnrúmmál og á forpakkningar sem innihalda annars konar vöru skal merkt nafnþyngd nema annað leiði af lögum, reglum eða viðskiptavenjum.

Nú er mismunur á reglum eða viðskiptavenjum varðandi tiltekinn vöruflokk eða tiltekna gerð forpakkninga hér á landi og í því aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem forpakkning vörunnar fer fram þá skulu að lágmarki koma fram á pakkingunni þær mælifræðilegu upplýsingar sem svara til innlendu viðskiptavenjunnar eða hinnar innlendu reglu. Hið sama gildir varðandi mælifræðilegar upplýsingar sem fram koma á forpakkaðri vöru sem pakkað er hér á landi, flutt er út og markaðssett í öðrum aðildarríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nafnþyngd eða nafnrúmmál innihalds sem sýnt er í SI-mælieiningum, í samræmi við tl. 3.1 í viðauka I við þessa reglugerð, skal einnig vera í samsvarandi breskum mælieiningum ef Bretland eða Írland óska þess á yfirráðasvæðum sínum. Mælieiningarnar skulu reiknaðar á grunni eftirfarandi breytistuðla:

1 g = 0,0353 únsur (avoirdupois),

1 kg = 2,205 pund,

1 ml = 0,0352 únsur (vökva),

1 l = 1,760 hálfpottar (pints) eða 0,220 gallon.

Á úðabrusum skal tilgreina heildarnafnrúmtak flátsins. Tilgreiningin má ekki vera þannig úr garði gerð að hún valdi ruglingi við nafnrúmmál innihaldsins. Ekki er nauðsynlegt að framleiðsluvörur, sem eru seldar í úðabrusum, séu merktar með nafnþyngd innihaldsins.

5. gr.

Takmarkanir á nafnmagni.

Framleiðsluvörur skv. 2. tl. viðauka III sem eru forpakkaðar innan stærðarmarka skv. 1. tl. viðaukans, má aðeins setja á markað ef þær eru forpakkaðar með nafnmagninu sem er tilgreint í 1. tl. viðaukans.

Ef safnpakkningar samanstanda af tveimur eða fleiri einstökum tilbúnum pakkningum, gildir nafnmagnið í 1. tl. viðauka III, um hinar einstöku pakkningar.

Ef forpakkning samanstendur af tveimur eða fleiri einstökum pakkningum, sem ekki eru ætlaðar til sölu hver í sínu lagi, gildir nafnmagnið í 1. tl. viðaukans, um forpakkninguna.

6. gr.

Frjáls för vöru.

Óheimilt er að hafna, banna eða takmarka markaðssetningu forpakkninga sem standast kröfur og prófanir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, af ástæðum er varða merkingar sem slíkar pakkningar skulu hafa samkvæmt reglugerð þessari, ákvörðun þyngdar eða rúmmáls, aðferðir notaðar við mælingar eða prófanir eða tilgreint magn pakkninga.

7. gr.

Lokaákvæði.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 16. gr. laga nr. 91/2006 um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn og með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2008 frá 14. mars 2008, um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn og til að taka upp í innlandan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/45/EB frá 5. september 2007, um reglur um tilgreint magn forpakkaðrar vöru, um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 75/106/EBE og 80/232/EBE og um breytingu á tilskipun ráðsins 76/211/EBE.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og frá sama tíma falla úr gildi reglugerðir nr. 131/1994 um tilgreint rúmmál tiltekins forpakkaðs vökva, nr. 132/1994 um tilgreint magn og rými sem leyfilegt er fyrir forpakkaðar vörur og nr. 133/1994 um tilgreinda vigt eða rúmmál tiltekinnar forpakkaðrar vöru.

Viðskiptaráðuneytinu, 4. maí 2009.

Gylfi Magnússon.

Jónína S. Lárusdóttir.

VIÐAUKI I

1. MARKMIÐ

Forpakkningar, sem þessi reglugerð nær til, skulu þannig gerðar að þegar þær eru frágengnar uppfylli þær eftirfarandi kröfur:

- 1.1. raunverulegt innihald skal að meðaltali ekki vera minna en nafnmagn;
- 1.2. hlutfall forpakkninga sem hafa neikvæð frávik sem eru meiri en heimiluð neikvæð frávik sem mælt er fyrir um í tl. 2.4. skal vera nægilega lítið til að lotur forpakkninga standist kröfur prófananna sem tilgreindar eru í viðauka II;
- 1.3. óheimilt er að merkja með e-merkinu sem kveðið er á um í tl. 3.3. forpakkningu með meira neikvætt frávik en tvöfalt heimilað neikvætt frávik sem gefið er í töflunni í tl. 2.4.

2. SKILGREININGAR OG MEGINÁKVÆÐI

- 2.1. Nafnmagn (nafnþyngd eða nafnrúmmál) innihalds forpakkningar er þyngd eða rúmmál sem sýnt er á forpakkningunni, þ.e. magn þeirrar vöru sem forpakkningin telst innihalda.
- 2.2. Raunverulegt innihald forpakkningar er það magn (þyngd eða rúmmál) sem í raun er í pakkningunni. Við allt eftirlit með magni sem sýnt er í rúmmálseiningum skal gildið sem notað er fyrir raunverulegt innihald mælt við, eða leiðrétt að 20°C, óháð því hvert hitastigið hefur verið þegar vörunni var pakkað eða þegar eftirlit fór fram. Þó skal þessi regla ekki gilda um djúpfrystar og frystar vörur þar sem magn er tilgreint í rúmmálseiningum.
- 2.3. Neikvætt frávik forpakkningar er mismunur á nafnmagni og raunverulegu innihaldi, þegar raunverulega innihaldið er minna en nafnmagnið.
- 2.4. Heimilað neikvætt frávik innihalds forpakkningar ákvarðast skv. eftirfarandi töflu:

Nafnmagn Q_n í g eða ml	Heimilað neikvætt frávik	
	í % af Q_n	í g eða ml
5 til 50	9	-
frá 50 til 100	-	4,5
frá 100 til 200	4,5	-
frá 200 til 300	-	9
frá 300 til 500	3	-
frá 500 til 1 000	-	15
frá 1 000 til 10 000	1,5	-

Þegar taflan er notuð skulu gildi heimilaðra neikvæðra frávika, sem eru tilgreind í % í töflunni, hækkuð upp í næsta títunda hluta af grammi eða millílítra, þegar þau eru umreiknuð í einingar fyrir þyngd eða rúmmál.

3. ÁLETRANIR OG MERKINGAR

Á umbúðum allra forpakkninga sem gerðar eru í samræmi við þessa reglugerð skulu vera eftirfarandi merkingar þannig festar á að þær séu varanlegar, greinilegar og læsilegar á pakkningunni við eðlilegar aðstæður:

- 3.1. Nafnmagn (nafnþyngd eða nafnrúmmál) í kílógrömmum, grömmum, lítrum, sentílítrum eða millílítrum og sýnt með tölustöfum sem eru:

- 6 mm háir hið minnsta ef nafnmagn er meira en 1 000 g eða 100 cl,
- 4 mm háir ef magnið er frá og með 1 000 g eða 100 cl að 200 g eða 20 cl,
- 3 mm háir ef magnið er frá og með 200 g eða 20 cl að 50 g eða 5 cl,
- 2 mm háir ef magnið er ekki meira en 50 g eða 5 cl,

en á eftir tölustöfunum komi tákn fyrir mælieininguna sem notuð er eða, eftir því sem við á, heiti einingarinnar í samræmi við reglugerð nr. 128/1994 um mælieiningar ásamt síðari breytingum.

Merkingar í breskum mælieiningum skulu vera í bókstöfum og tölustöfum sem eru ekki stærri en samsvarandi merkingar í SI-einingum.

- 3.2. Merki eða áletrun sem gerir Neytendastofu kleift að bera kennsl á pökkunaraðilann, einstaklinginn sem sá um pökkunina eða innflytjanda með staðfestu innan EES.

3.3. Lítið e, 3 mm hátt hið minnsta, sem sést í sömu sjónhendingu og áletrun um nafnþyngd eða nafnrúmmál innihalds sem er staðfesting pökkunaraðila eða innflytjenda á því að forpakkningin standist kröfur þessarar reglugerðar.

Bókstafurinn skal vera með því sniði sem sýnt er á teikningu í viðauka IV.

Óheimilt er að nota merki sem líkist um of e-merki, sbr. 1. mgr., á umbúðum forpakkninga.

4. ÁBYRGÐ PÖKKUNARAÐILA EÐA INNFLYTJANDA

Pökkunaraðili eða innflytjandi skal sjá til þess að forpakkningar standist kröfur þessarar reglugerðar.

Magn vöru í forpakkningu (pakkningarmagn) sem nefnt er „raunverulegt innihald“, þyngd eða rúmmál, skal mælt eða athugað á ábyrgð pökkunaraðila eða innflytjanda. Mælingin eða athugunin skal gerð með löggiltu mælitæki sem hentar til þeirra aðgerða sem með þarf.

Athuginina má framkvæma með því að taka úrtak.

Nú er raunverulegt innihald ekki mælt og skal þá athugun pökkunaraðila þannig skipulögð að tryggt sé að magn innihaldsins sé fundið með fullnægjandi hætti.

Þessu skilyrði er fullnægt ef pökkunaraðili framkvæmir framleiðsluathuganir sem eru í samræmi við tilhögun sem Neytendastofa viðurkennir og ef hann veitir henni aðgang að skjölum með niðurstöðum slíkra athugana til að sýna fram á að athuganirnar, ásamt leiðréttingum og stillingum sem reynst hafa nauðsynlegar, hafi verið gerðar á nákvæman og réttan hátt.

Ef vörur eru fluttar inn frá löndum utan EES er innflytjanda heimilt, í stað þess að mæla þær og athuga, að leggja fram gögn um að hann hafi allar nauðsynlegar tryggingar sem gera honum kleift að takast á hendur ábyrgð.

Ef um er að ræða vörur þar sem magn er sýnt í rúmmálseiningum, er ein af aðferðunum við að uppfylla kröfur um mælingar og athuganir, að nota mælikerald, þegar forpakkning er útbúin, af þeirri gerð sem skilgreind er í tilskipun um mælikeröld og fyllt er á við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tilskipun 75/107/EBE um flöskur (ílát), sem notaðar eru sem mælikeröld sbr. d-lið 2. gr. reglugerðar nr. 130/1994.

5. EFTIRLIT SEM NEYTENDASTOFA VIÐHEFUR Á ATHAFNASVÆÐI PÖKKUNARAÐILA, INNFLYTJANDA EÐA UMBOÐSMANNS HANS

Neytendastofa viðhefur eftirlit til að ganga úr skugga um að forpakkningar uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar með því að taka úrtak á athafnasvæði pökkunaraðila eða, ef ekki er unnt að koma því við, á athafnasvæði innflytjanda hér á landi, sem hefur flutt forpakkkaða vöru inn á Evrópska efnahagssvæðið eða umboðsmanns hans.

Slíkt tölfræðilegt úrtakseftirlit skal viðhafa í samræmi við viðurkenndar aðferðir í gæðastýrðri viðtökusköðun. Skilvirkni þess skal vera sambærileg við viðmiðunaraðferðina sem tilgreind er í viðauka II.

6. ANNAÐ EFTIRLIT SEM NEYTENDASTOFA VIÐHEFUR

Neytendastofa getur viðhaft annað eftirlit en mælt er fyrir um í þessari reglugerð á hvaða stigi markaðssetningar sem er, einkum til að ganga úr skugga um að forpakkningar uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

Forpakkningar skulu standast kröfur um lágmarksmagn sbr. tl. 1.3. fram að síðasta söludegi.

VIÐAUKI II

Í þessum viðauka er mælt fyrir um tilhögun viðmiðunaraðferðar fyrir tölfræðilegt eftirlit á lotum forpakkninga til að uppfylla kröfur 3. gr. reglugerðarinnar og 5. tl. í viðauka I við hana.

1. KRÖFUR UM MÆLINGU Á RAUNVERULEGU INNIHALDI FORPAKKNINGA

Hægt er að mæla raunverulegt innihald forpakkninga beint með vogum eða rúmmálsmælum eða óbeint með því að vigta forpökkuðu vöruna og mæla eðlismassann þegar um vökva er að ræða.

Skekja við mælingu á raunverulegu innihaldi forpakkningar skal ekki vera meiri en fimmti hluti heimilaðs neikvæðs fráviks fyrir nafnmagn forpakkningarinnar, óháð því hvaða aðferð er beitt við mælinguna.

Neytendastofa getur sett verklagsreglur um tilhögun við mælingu á raunverulegu innihaldi forpakkningar.

2. KRÖFUR UM EFTIRLIT MEÐ LOTUM FORPAKKNINGA

Eftirlit með forpakkningum skal fara fram með því að taka úrtak og vera í tveimur hlutum:

- skoðun á raunverulegu innihaldi hvorrar forpakkningar í úrtakinu,
- önnur skoðun sem nær til meðaltals raunverulegs innihalds forpakkninga í úrtakinu.

Lota forpakkninga telst ásættanleg ef niðurstöður beggja þessara skoðana fullnægja samþykktarviðmiðunum.

Fyrir hvora þessara skoðana eru tvær úrtaksáætlanir:

- hin fyrri felst í prófun án eyðileggingar, þ.e. prófun sem felur ekki í sér að pakkningin sé opnuð,
- hin síðari felst í eyðileggingarprófun, þ.e. prófun sem felur í sér að pakkningin er opnuð eða eyðilögð.

Af fjárhags- og hagkvæmnisástæðum skal síðari prófunin algerlega einskorðuð við nauðsynlegt lágmark, hún er óskilvirkari en prófun án eyðileggingar.

Eyðileggingarprófun skal því einungis notuð ef ekki er hægt að koma við prófun án eyðileggingar. Almennt skal henni ekki beitt á lotu sem er minni en 100 einingar.

2.1. Lotur forpakkninga.

2.1.1. Lota er allar forpakkningar sem skoða á og hafa sama nafnmagn, eru af sömu gerð, úr sömu framleiðslulotu og er pakkað á sama stað. Stærð lotunnar skal afmörkuð við þann fjölda sem mælt er fyrir um hér á eftir.

2.1.2. Ef forpakkningar eru skoðaðar við endann á pökkunarferibandi skal fjöldinn í hverri lotu vera jafn mesta framleidda magni feribandsins á klukkustund án takmarkana á stærð lotunnar.

Í öðrum tilvikum skal lotustærð ekki vera meiri en 10.000.

2.1.3. Ef færri en 100 pakkningar eru í lotu skal prófun án eyðileggingar, ef hún er framkvæmd, ná til allra pakkninganna.

2.1.4. Áður en prófanir sem um getur í tl. 2.2. og 2.3. eru framkvæmdar skal nægilegur fjöldi forpakkninga tekinn af handahófi úr lotunni þannig að unnt sé að framkvæma prófunina sem þarf stærra úrtak fyrir.

Fyrir hina prófunina skal nægilega stórt úrtak valið af handahófi úr fyrri úrtakinu og merkt.

Merkingunum skal lokið áður en mælingar hefjast.

2.2. Eftirlit með raunverulegu innihaldi forpakkningar.

Samþykkt lágmarksinnihald skal reiknað með því að draga heimilað neikvætt frávik frá nafnmagni forpakkningarinnar.

Forpakkningar í lotunni með raunverulegt innihald minna en samþykkt lágmarksinnihald skulu teljast gallaðar.

2.2.1. Prófun án eyðileggingar.

Framkvæma skal prófun án eyðileggingar í samræmi við tvöfalda úrtaksáætlun sem sýnd er í töflunni hér á eftir:

Fjöldi fyrstu forpakkninganna sem prófa á skal vera jafn fjöldanum í fyrra úrtakinu eins og fram kemur í áætluninni:

- ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í fyrra úrtakinu er minni en eða jafn og fyrri samþykktarviðmiðun telst lotan samþykkt að því er þessa prófun varðar,
- ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í fyrra úrtakinu er jafn eða meiri en fyrri höfnunarviðmiðun skal viðkomandi lotu hafnað,
- ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í fyrra úrtakinu liggur á milli fyrri samþykktarviðmiðunar og fyrri höfnunarviðmiðunar skal prófa síðara úrtakið en einingafjöldinn í því kemur fram í áætluninni.

Fjöldi gallaðra eininga í fyrra og síðara úrtaki skal lagður saman:

- ef samanlagður fjöldi gallaðra eininga er minni en eða jafn og síðari samþykktarviðmiðun telst lotan samþykkt að því er þessa prófun varðar,
- ef samanlagður fjöldi gallaðra eininga er meiri en eða jafn og síðari höfnunarviðmiðun skal lotunni hafnað.

Fjöldi í lotu	Úrtök			Fjöldi gallaðra eininga	
	Röð	Fjöldi	Samanlagður fjöldi	Samþykktarviðmiðun	Höfnunarviðmiðun
100 til 500	fyrri	30	30	1	3
	síðari	30	60	4	5
501 til 3 200	fyrri	50	50	2	5
	síðari	50	100	6	7
3 201 og yfir	fyrri	80	80	3	7
	síðari	80	160	8	9

2.2.2. Eyðileggingarprófun.

Framkvæma skal eyðileggingarprófun í samræmi við einföldu úrtaksáætlunina sem fram kemur hér á eftir og skal hún einungis gerð fyrir lotur af stærðinni 100 eða meira.

Prófaðar skulu 20 forpakkningar.

- ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í úrtakinu er minni en eða jafn og samþykktarviðmiðun telst lota forpakkninga samþykkt,
- ef fjöldi gallaðra eininga sem finnast í úrtakinu er jafn og eða meiri en höfnunarviðmiðun, skal lotunni hafnað.

Fjöldi í lotu	Fjöldi í úrtaki	Fjöldi gallaðra eininga	
		Samþykktarviðmiðun	Höfnunarviðmiðun
Hver sem fjöldinn er (≥100)	20	1	2

2.3. Eftirlit með raunverulegu meðalinnihaldi einstakra forpakkninga í lotu.

2.3.1. Lota forpakkninga telst ásættanleg að því er þetta eftirlit varðar ef meðaltal (sbr. 2.3.2.1.) raunverulegs innihalds x_i í úrtaki n forpakkninga er stærra en gildið:

$$Q_n - \frac{s}{\sqrt{n}} \cdot t(1 - \alpha)$$

Í þessari jöfnu er:

Q_n = nafnmagn forpakkningarinnar,

- n = fjöldi forpakkninga í úrtakinu fyrir þetta eftirlit,
 s = mat fyrir staðalfrávik raunverulegs innihalds lotunnar,
 $t_{(1-\alpha)}$ = 0,995 öryggisstig í t-dreifingu með frítölunni $v = n - 1$.

- 2.3.2. Ef x_i er mælt gildi raunverulegs innihalds einingar númer i í úrtaki með n einingum, þá:
 2.3.2.1. er meðaltal mældra gilda fyrir úrtakið fundið með eftirfarandi útreikningi:

$$\bar{x} = \frac{1}{n} \sum_{i=1}^{i=n} x_i$$

- 2.3.2.2. og mat fyrir staðalfrávik s er fundið með:

- summu ferningstölu mældra gilda: $\sum_{i=1}^{i=n} (x_i)^2$
- ferningstölu summu mældra gilda: $\left(\sum_{i=1}^{i=n} x_i\right)^2$
- leiðréttri summu: $SC = \sum_{i=1}^{i=n} (x_i)^2 - \frac{1}{n} \left(\sum_{i=1}^{i=n} x_i\right)^2$
- mati fyrir dreifni: $v = \frac{SC}{n-1}$

Mat fyrir staðalfrávik er: $s = \sqrt{v}$

- 2.3.3. Viðmiðanir fyrir samþykki eða höfnun lotna forpakkninga á grundvelli prófunar meðaltals:
 2.3.3.1. Viðmiðanir fyrir prófun án eyðileggingar.

Fjöldi í lotu	Fjöldi í úrtaki	Viðmiðanir	
		Samþykkt	Hafnað
100 til og með 500	30	$\bar{x} \geq Q_n - 0,503s$	$\bar{x} < Q_n - 0,503s$
> 500	50	$\bar{x} \geq Q_n - 0,379s$	$\bar{x} < Q_n - 0,379s$

- 2.3.3.2. Viðmiðanir fyrir eyðileggingarprófun.

Fjöldi í lotu	Fjöldi í úrtaki	Viðmiðanir	
		Samþykkt	Hafnað
Hver sem fjöldinn er (≥ 100)	20	$\bar{x} \geq Q_n - 0,640s$	$\bar{x} < Q_n - 0,640s$

VIÐAUKI III
TILGREINT MAGN Í INNIHALDI FORPAKKNINGA

1. Framleiðsluvörur sem eru seldar eftir rúmmáli (magn í ml).

Vín sem freyðir ekki	Á bilinu frá 100 ml til 1500 ml, eingöngu eftirfarandi 8 möguleikar á tilgreindu magni: ml: 100 — 187 — 250 — 375 — 500 — 750 — 1000 — 1500
Gult vín	Á bilinu frá 100 ml til 1500 ml, eingöngu eftirfarandi, tilgreint magn: ml: 620
Freyðivín	Á bilinu frá 125 ml til 1500 ml, eingöngu eftirfarandi 5 möguleikar á tilgreindu magni: ml: 125 — 200 — 375 — 750 — 1500
Líkjörvín	Á bilinu frá 100 ml til 1500 ml, eingöngu eftirfarandi 7 möguleikar á tilgreindu magni: ml: 100 — 200 — 375 — 500 — 750 — 1000 — 1500
Kryddvín	Á bilinu frá 100 ml til 1500 ml, eingöngu eftirfarandi 7 möguleikar á tilgreindu magni: ml: 100 — 200 — 375 — 500 — 750 — 1000 — 1500
Brenndir drykkir	Á bilinu frá 100 ml til 2000 ml, eingöngu eftirfarandi 9 möguleikar á tilgreindu magni: ml: 100 — 200 — 350 — 500 — 700 — 1000 — 1500 — 1750 — 2000


2. Skilgreining á vöru.

Vín sem freyðir ekki	Vín eins og það er skilgreint í 1., 15. eða 16. tl. IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 479/2008 frá 29. apríl 2008 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins (SAT-númer úr 2204).
Gult vín	Vín eins og það er skilgreint í 1., 15. eða 16. tl. IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 479/2008 (SAT-númer úr 2204), með upprunatáknun: „Côtes du Jura“, „Arbois“, „L'Etoile“ og „Château-Chalon“ í flöskum eins og þær eru skilgreindar í 3. tl. I. viðauka reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2002 frá 29. apríl 2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, kynningu og vernd tiltekinna vínaforða.
Freyðivín	Vín eins og það er skilgreint í 4., 5., 6., 7., 8. eða 9. tl. IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 479/2008 (SAT-númer 2204 10).
Líkjörvín	Vín eins og það er skilgreint í 3. tl. IV. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 479/2008 (SAT-númer 2204 21 — 2204 29).
Kryddvín	Kryddvín eins og það er skilgreint í a-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hana-stélum blönduðum með kryddvínnum (SAT-númer 2205).
Brenndir drykkir	Brenndir drykkir eins og þeir eru skilgreindir í 1. og 2. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EBE) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (SAT-númer 2208).

VIÐAUKI IV

e-merkið, útlit, lögun og stærð.

Merkið er stafurinn e, en meðfylgjandi teikning sýnir útlit, lögun og stærð e-merkisins. Stærðirnar sem koma fram á teikningunni eru hlutfallsgildi; þær eru fall af þvermáli hrings sem myndar útlínur lítils e. Raunveruleg hæð skal vera 3 mm hið minnsta.



B-deild – Útgáfud.: 8. maí 2009